



Snjóflóðaaðstæður við Rauðsstaði

Eiríkur Gíslason

18.8.2008

Þann 13. febrúar óskaði Gísli Eiríksson, f.h. Vegagerðarinnar, eftir upplýsingum um snjóflóð í nágrenni Rauðsstaða í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Snjóflóðaaðstæður á svæðinu hafa þýðingu vegna mögulegrar jarðgangagerðar. Eftir að farið hafði verið yfir gögn Veðurstofunnar óskaði Vegagerðin eftir því þann 22. maí að frekari upplýsinga yrði aflað þannig að draga mætti útlínur helstu flóða á kort.

Landlýsing

Borgarfjörður gengur inn úr Arnafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norðan fjarðarins er Reynihlíð milli Gljúfurár og Hjallkárseyrar en Hjallkársseyrarhlíð milli Hjallkárseyrar og Grjóteyrar. Ofan Grjóteyrar er dalverpi sem gengur undir mismunandi nöfnum eins og Grjótárdalur, Grjóteyrargil og Grjóteyrardalur. Síðasttalda heitið verður notað hér. Fyrir botni fjarðarins, norðan Hofsaár, er eyðibýlið Rauðsstaðir. Í þessari athugun er athyglinni beint að hlíðinni ofan Rauðsstaða, nánar til tekið milli Grjóteyrardals og Skjaldfannargils. Beint ofan bæjarins er gil sem nefnist Bæjargil. Tvær raflínur liggja undir hlíðinni á þessum slóðum. Hrafnseyrarlína liggur út Hjallkársseyrarhlíð og en Breiðadalslína liggur upp á fjallsbrún rétt fyrir utan Grjóteyrardal. Vestfjarðavegur (60) liggur fyrir fjörðinn.

Snjóflóðaaðstæður

Hlíðar norðanvert við Borgarfjörð eru þekktir snjóflóðastaðir. Um það vitnar m.a. sú staðreynd að ábúendur á Rauðsstöðum hafa hlaðið grjótgarð, alls um 320 m langan, til að beina skriðum og snjóflóðum frá bæjarstaðinu (Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen, 2008). Í Sóknarlýsingum Vestfjarða II (1952) segir um Rauðsstaði: "Tún er þar lítið, á hvert árlega rennur aurskriður, rétt í kring um bæinn." Í seinni tíð hafa snjóflóð á svæðinu valdið skemmdum á raflínumöstrum og lokað Vestfjarðavegi. Rétt er að nefna að fram kom í samtölum við Steinar Ríkarð Jónsson stöðvarstjóra í Mjólkárverkjun og Hallgrím Sveinsson sem áður bjó á Hrafnseyri að á Reynihlíð séu snjóflóð tíð. Steinar nefnir einnig að við vissar aðstæður sé ekki óalgengt að snjóflóð falli niður á veg í Búðavík við Dynjandisvog og í Dynjandisdal þar sem vegur um Dynjandisheiði liggur í sneiðingi.

Snjóflóðayfirlit

Tafla 1: Snjóflóðayfirlit.

Farvegur	Flóð nr.	Tími	Vissa
1	0207	03.2007	Mörk örugg
2	0206	03.2007	Mörk örugg
3	1338	13.02.1973	Mörk ónákvæm
-	1368	20.12.1974	Engin lína
-	1381	15.01.1975	Engin lína
-	7541	30.01.1990	Engin lína
4	óskráð	-	Mörk óviss
6	1370	20.12.1974	Mörk óviss

Snjóflóð á svæðinu hafa ekki verið skipulega skráð og því hafa fyrst og fremst þau flóð sem ollu tjóni eða slysum ratað í heimildir. Að sögn Ragnars Edvardssonar er líklegt að Rauðsstaðir hafi verið í byggð a.m.k. frá um 1100 eða jafnvel frá landnámi og allar götur þangað til byggð lagðist þar af um miðja síðustu öld. Líklegt má telja að ef miklar skemmdir hefðu orðið á húsum eða slys á fólki vegna snjóflóða, hefði slíkt ratað í heimildir. Ragnar tók fram að bygging varnargarðsins taki af allan vafa um að ofanflóð hafi verið tíð þarna. Eingöngu er minnst á aurskriður í heimildum þó snjóflóð séu hugsanleg líka. Steinar Ríkarður Jónasson stöðvarstjóri í Mjólka kannast ekki við að hafa séð snjóflóð beint ofan bæjarins en nefndi að þar kæmu niður aurskriður. Mjólkárverkjun tók til starfa árið 1958 og frá þeim tíma hafa raflínur legið undir hlíðinni utan við Rauðsstaði. Snjóflóð sem valdið hafa tjóni á raflínum eða lokað veginum hafa því óhjákvæmilega náð athygli starfsmanna þar. Í stuttu máli má því segja að líklega hafi ekki fallið stórt flóð yfir bæjarstaði Rauðsstaða í mörg hundruð ár. Vitað er um helstu flóð sem lokað hafa vegi eða skemmt raflínur á svæðinu frá árinu 1958. Litlar upplýsingar eru til um þau flóð sem fallið hafa án þess að valda tjóni. Í Töflu 1 má sjá yfirlit yfir þekkt snjóflóð og á meðfylgjandi kort eru dregnar útlínur snjóflóða með mestu þekktu útbreiðslu á svæðinu. Kortið sýnir þannig helstu, þekktu snjóflóðastaði en ekki öll þekkt flóð. Gilið innan Grjóteyrardals (nr. 3 á korti) hefur sérstöðu og segja kunnugir að þar falli snjóflóð á hverjum vetri. Þar hefur reynslan kennt mönnum að gera sérstakar ráðstafanir til að verja raflínurnar fyrir tíðum snjóflóðum.

Hafa ber í huga að gögnin eru misáreiðanleg. Veðurstofan flokkar útlínugögn eftir vissu þeirra í eftirfarandi flokka:

Mæld mörk. Útlínur eru mældar með landmælingatækjum.

Mörk örugg. Útlínur eru mældar eða færðar á kort með allgóðri nákvæmni af samtímaheimildarmanni en ekki mældar með landmælingartækjum.



Mörk ónákvæm. Útlínur eru mældar eða færðar á kort eftir frásögn samtímaheimildarmanns eða samkvæmt áreiðanlegum heimildum, en geta verið ónákvæmar.

Mörk óviss. Útlínur eru kortlagðar eftir óvissum heimildum.

Í Snjóflóðaskýrslum sem fylgja hér fyrir aftan er að finna frekari upplýsingar um flóðin í Töflu 1. Ekki er skráð neitt snjóflóð úr bæjargili ofan Rauðsstaða en línar sem þar er dregin er til áminningar um að þetta er þekktur staður aurflóða.

Heimildir

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 7-08.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.



Fylgigögn

Kort 1. Kort sem sýnir mestu þekktu útbreiðslu snjóflóða á svæðinu. (A3, 1:1500).

Snjóflóðaskýrslur. Færslur úr gagnagrunni VÍ.



Kort 1
Ofanflóð við Rauðstaði

Skýringar 1:8.000

- Mörk óviss
- Varnargarður
- Mörk örugg
- Mörk ónákvæm

× Bæjarhóll

0 50 100 200 300 400 m

EG 18. ágúst 2008



1

Griðeyrardalur

206

Breiðadalslína 1
66 kV, eigandi Landsnet

Hrafnseyrarlína
33kV, eigandi O.V.

Griðeyri

Endastæða
Jarðstrengur að Mjólka

2500

2000

1500

1000

400 m

500

Rauðstaðir

Eingöngu heimilidir
um aurskriður

4 skráð flóð en snjóflóð falla
á hverjum vetri í farveginum.
Aðeins stærsta þekkta flóðið
sýnt hér

Skjaldfannargil

15

14

13

12

11

10

9

8

7

6

4

5

3

2

Númer: 1338 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Arnarfjörður. Lítið gil innanvert við Grjótéyrargil (Merkt Grjótárdalur á kort).

Tími: 13.2.1973

Skýrslu skráði: Rúnar Óli Karlsson

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 347.
?

Tjón: Sleit Mjólkárlínuna og braut fjóra staura.

Lýsing: Tunga: Meðalbreidd: 400 m

Veður: Dagana áður hafði verið umhleypingasöm veðrátta, mest V og SV átt með töluverðri snjókomu, einkum 11.febrúar. Aðfaranótt 12. febrúar skipti yfir í +A og NA átt með slyddu og síðan snjókomu. Um morguninn 12. febrúar var NA fávíðri með snjókomu og háaskafrenningi. Veðrið hélst allan daginn og allt fram til kvölds 13. febrúar.

Athugasemdir: Veðráttan, feb 1973 greinir frá snjóflóði í Arnarfirði sem sleit niður Mjólkárlínuna og braut fjóra staura.

— — — — —

Númer: 1368 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Arnarfjörður. Rauðstaðir.

Tími: 20.12.1974

Skýrslu skráði: Rúnar Óli Karlsson

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 377.

Lýsing: Tunga: Meðalbreidd: 100 m

Athugasemdir: Snjóflóð féll við Rauðstaði í Arnarfirði en olli engu tjóni.

— — — — —

Númer: 1370 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Arnarfjörður. Við Rauðstaði.

Tími: 20.12.1974

Skýrslu skráði: Rúnar Óli Karlsson

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 377.

Athugasemdir: Snjóflóð féll 400–500 metrum innan við bæjarrústir Rauðstaða.

— — — — —

Númer: 1381 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Arnarfjörður. Rauðstaðir.

Tími: 15.1.1975

Skýrslu skráði: Rúnar Óli Karlsson

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 384.

Tjón: lokaði vegi.

Athugasemdir: Punnt snjóflóð féll við Rauðstaði í Arnarfirði og náði yfir veg.

— — — — —

Númer: 7541 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Arnarfjörður. Gil utan við Rauðustaði í Arnarfirði.

Tími: 30.1.1990

Skýrslu skráði: Guðmundur S. Gunnarsson **Teg. skýrslu:** 3

Tjón: Raflínustaurar brotnuðu og vegur lokaðist.

Athugasemdir: Starfsmenn Orkubús Vestfjarða urðu flóðsins varir og tilkynntu það.

— — — — —

Númer: 206 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Arnarfjörður. Grjóteyrardalur ofan Grjóteyrar í Borgarfirði V-ís (Farvegur Nr. 2 í samantekt vegna Rauðstaða).

Tími: 10.–19.3.2007

Skýrslu skráði: Eiríkur Gíslason **Útlína:** Örug **Fylgigögn:** Ljósmyndir.

Heimildir: ?.

Steinar Ríkarður Jónasson.

Tjón: Flóðið flæddi umhverfis möstur Hrafnseyrarlínu og Breiðadalslínu án þess að valda tjóni.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 1500 m Mælt úthl.horn (α): 19°

Upptök: Hæð yfir sjó: 535 m

Brotstál uppi undir fjallsbrún virðist greinanlegt á meðfylgjandi mynd.

Tunga: Hæð yfir sjó: 25 m

Meðalbreidd: 300 m Lengd: 400 m

Athugasemdir: Féll á sama tíma og flóð 0207.

— — — — —

Númer: 207 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Arnarfjörður. Ofan Grjóteyrar við norðanverðan Borgarfjörð og utan Grjóteyrardals.

Tími: 10.–19.3.2007

Skýrslu skráði: Eiríkur Gíslason **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmyndir.

Heimildir: Steinar Ríkarður Jónasson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Athugasemdir: Féll á sama tíma og flóð 0206.

Veðurstofa Íslands, 14.08.2008, eirikurg